# Miðvikudagur 1. febrúar



## SJÓNVARPIÐ

16.30 **Fræðsluvarp.** 1. Eyjahafsmenning. Í myndinni er stiklað á stóru um tvö helstu skeið Eyjahafsmenningarinnar, mínóska skeiðið og það skeið sem kennt er við borgina Mýkenu á Pelópsskaga. 2. Umræðan - Aðalnámsskrá grunnskóla. Þáttur um skólamál. Umsjón Sigrún Stefánsdóttir. 3. Alles Gute. Þýskuþáttur fyrir byrjendur. 4. Entrée Libre. Frönskukennsla fyrir byrjendur.
18.00 **Töfragluggi Bomma. Umsjón Árný Jóhannsdóttir.**
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
19.25 **Föðurleifð Franks (16).** Bandarískur gamanmyndaflokkur.
19.45 **Ævintýri Tinna** Ferðin til tunglsins (9).
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Á tali hjá Hemma Gunn** Bein útsending úr Sjónvarpssal þar sem Hermann Gunnarsson tekur á móti gestum. Stjórn upptöku Björn Emilsson.
21.40 **Nýjasta tækni og vísindi** Umsjón Örlygur Richter.
22.10 **Svíða sætar ástir** (Mogambo) Bandarísk kvikmynd frá 1953. Leikstjóri John Ford. Aðalhlutverk Clark Cable, Ava Gardner og Grace kelly. Rómantísk ævintýramynd sem gerist í frumskógum Afríku og segir frá tveim konum sem keppa um ástir sama manns.
23.00 **Seinni fréttir**
23.10 **Svíða sætar ástir** framhald

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.30 **William Randolph Hearst og Marion Davies.** The Hearst and Davies Affair. Árið 1916 var blaðaútgefandinn William Randolph Hearst ákaflega valdamikill maður í Hollywood. Hann hreifst af kornungri dansmeyju, Marion Davies, sem dreymdi um að verða kvikmyndastjarna. Marion gerðist ástkona Hearst og hafði samband þeirra afdrifaríkar afleiðingar sem vöktu mikla hneykslan. Aðalhlutverk: Robert Mitchum og Virginia Madsen.
18.05 **Ameríski fótboltinn.** Sýnt frá úrslitaleikjum.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Heil og sæl. Úti að aka.** Á eftir hjartasjúkdómum og krabbameini eru slysin þriðja höfuðdánarorsök Íslendinga. En jafnframt eru þau algengasta dánarorsök barna og unglinga. Þrátt fyrir síaukna áherslu á slysavarnir er þessi heilsuspillir miklu skæðari en flesta grunar. Talið er að nær fjórði hver Íslendingur leiti aðstoðar vegna einhvers konar slyss á hverju ári. Í þessum þætti verður fjallað um allar gerðir slysa og varnir gegn þeim. Umsjón: Salvör Nordal.
21.00 **Undir fölsku flaggi.** Charmer. Úrvals breskur framhaldsmyndaflokkur. Óvandaður flagari neytir allra bragða í skugga kreppu og yfirvofandi styrjaldar til þess að komast yfir auð og völd. Þriðji hluti. Aðalhlutverk: Nigel Havers, Bernard Hepton, Rosemary Leach og Fiona Fullerton.
22.00 **Dagdraumar.** Yesterday's Dreams. Diane heimsækir sjúka móður sína í þeirri trú að Martin sé á leið í viðskiptaferð til Bandaríkjanna. Þriðji hluti. Aðalhlutverk: Paul Freeman, Judy Loe, Trevor Byfield og Damien Lyne.
22.55 **Viðskipti.** Íslenskur þáttur um viðskipti og efnahagsmál í umsjón Sighvats Blöndahl og Ólafs H. Jónssonar.
23.25 **Lost Kicks.** Myndin fjallar um mjög svo óvenjulega kennslukonu. Hún keyrir um á hraðskreiðu mótorhjóli og teflir oft á tæpasta vað. En þegar hún verður ástfangin af ungum manni sem hefur þau áhugamál að bjóða hættunni heim keyrir um þverbak. Aðalhlutverk: Anthony Geary, Shelley Hack og Tom Mason.
01.05 **Dagskrárlok.**

## SKY CHANNEL

5.30 **Viðskipti í Evrópu.**
6.00 **Góðan daginn, Norðurlönd.** Morgunþáttur í umsjá Norðurlandabúa.
7.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
8.00 **Cisco drengurinn.** Kúrekaþáttur.
8.30 **Gríman.** Teiknimyndasería.
9.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
10.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
11.00 **Rómantísk tónlist.**
12.00 **Önnur veröld.** Bandarísk sápuópera.
13.00 **Tískuþáttur.**
13.30 **Spyrjið dr. Ruth.**
14.00 **Master Of The World.** Teiknimynd.
15.00 **Poppþáttur.** Vinsældalistapopp.
16.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
17.00 **Flying Kiwi.** Ævintýraþáttur.
17.30 **Mig dreymir um Jeannie.** Gamanþáttur.
18.00 **The Ghost And Mrs. Muir.** Gamanþáttur.
18.30 **Candid Camera.** Úrval úr gömlum þáttum.
19.30 **Bridge Of San Luis Rey.** Kvikmynd frá 1944.
21.15 **Bílasport.**
22.20 **Popp.**
23.20 **Tom Jones.**
24.00 **Menningarprógramm.**
3.00 **Tónlist og landslag.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Randveri Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn.** Höfundurinn, Guðni Kolbeinsson, les sögu sína, „Mömmustrákur". (7) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Íslenskur matur.** Kynntar gamlar, íslenskar mataruppskriftir sem safnað er í samvinnu við hlustendur og samstarfsnefnd um þessa söfnun. Sigrún Björnsdóttir sér um þáttinn.
9.40 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Óskastundin.** Helga Þ. Stephensen kynnir efni sem hlustendur hafa óskað eftir að heyra, bókarkafla, smásögur og ljóð. Tekið er við óskum hlustenda á miðvikudögum milli kl. 17.00 og 18.00.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Börn og foreldrar. Þáttur um samskipti foreldra og barna og vikið að vexti, þroska og uppeldi. Félagsráðgjafarnir Nanna K. Sigurðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir og sálfræðingarnir Einar Gylfi Jónsson og Wilhelm Norðfjörð svara spurningum hlustenda. Símsvari opinn allan sólarhringinn, 91-693566. Umsjón: Lilja Guðmundsdóttir. (Einnig útvarpað miðvikudagskvöld kl. 21.30 að viku liðinni.)
13.35 **Miðdegissagan:** „Blóðbrúðkaup" eftir Yann Queffeléc. Þórarinn Eyfjörð les þýðingu Guðrúnar Finnbogadóttur. (5)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Norrænir tónar.**
14.30 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Kristinn Hallson syngur lög eftir Árna Thorsteinsson, Þórarin Jónsson, Sigfús Einarsson og Pál Ísólfsson. Árni Kristjánsson leikur með á píanó. Einsöngvarakvartettinn syngur nokkur sænsk lög í útsetningu Magnúsar Ingimarssonar. Ólafur Vignir Albertsson leikur með á píanó.
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Vísindaþátturinn.** Umsjón: Ari Trausti Guðmundsson. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Debussy og Franck.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfsdóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningarmál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn.** Höfundurinn Guðni Kolbeinsson les sögu sína, „Mömmustrákur". (7) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Nútímatónlist.** Þorkell Sigurbjörnsson kynnir verk samtímatónskálda.
21.00 **Saura-undrin á einmánuði 1964.** Þáttur í umsjón Steingríms St. Th. Sigurðssonar.
21.30 **Kennsla blindra í Álftamýrarskóla.** Umsjón: Bergljót Baldursdóttir. (Áður útvarpað í þáttaröðinni „Í dagsins önn" 16. janúar sl.)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 9. sálm.
22.30 **Samantekt** – Evrópubúinn. Síðari þáttur. Umsjón: Guðrún Eyjólfsdóttir. (Einnig útvarpað á föstudag kl. 15.03.)
23.10 **Djassþáttur.** Jón Múli Árnason.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2
FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.**
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur með afmæliskveðjum kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhönna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónasson leika þrautreynda gullaldartónlist og gefa gaum að smáblómum í mannlífsreitnum. (Frá Akureyri.)
14.00 **Milli mála.** Óskar Páll Sveinsson leikur nýja og fína tónlist. Útkíkkið kl. 14.14. Sjómaður vikunnar og „Úr dýragarðinum".
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. Kaffispjall upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. Bréf af landsbyggðinni berst hlustendum á sjötta tímanum. Þjóðarsálin, þjóðfundur í beinni útsendingu að loknum fréttum kl. 18.03.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin.** Umsjón: Íþróttafréttamenn og Georg Magnússon.
22.07 **Á rólinu** með Önnu Björk Birgisdóttur.
1.10 **Vökulögin.** Lög af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Þægileg morguntónlist sem gott er að vakna við. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Góð tónlist með vinnunni. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba og Halldór koma milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Góð síðdegistónlist. Óskalagasíminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór milli kl. 17 og 18.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur Ólafsson og Bylgjuhlustendur spjalla saman. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Tónlistin þín.
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan
FM 102,2 & 104

7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjörnufréttir klukkan 8.
9.00 **Níu til fimm.** Lögin við vinnuna, lítt trufluð af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þórsson. Stjörnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.
17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson, tal og tónlist. Stjörnufréttir klukkan 18.
18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
21.00 **Í seinna lagi.** Tónlistarkokkteill sem endist inn í draumalandið.
1.00 **Næturstjörnur.** Fyrir vaktavinnufólk, leigubílstjóra, bakara og nátthrafna.

## Hljóðbylgjan
Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

7.00 **Réttum megin fram úr.**
9.00 **Morgungull.**
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Axel Axelsson** er ykkar maður á miðvikudagskvöldum. Góð tónlist í fyrirrúmi.
23.00 **Þráinn Brjánsson** tekur endasprettinn. Góð tónlist fyrir svefninn.
1.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA
FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
20.00 **Vinsældaval Alfa.**
22.00 **Í miðri viku.** Blandaður tónlistar- og rabbþáttur. Stjórn: Alfons Hannesson. (Endurtekið næstkomandi föstudag.)
24.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP
FM 106·8

13.00 **Úr Dauðahafshandritunum.** Haraldur Jóhannsson les 3. lestur.
13.30 **Nýi tíminn.** Bahá'ísamfélagið á Íslandi. E.
14.00 **Á mannlegu nótunum.** Flokkur mannsins. E.
15.00 **Úr ritverkum Þórbergs Þórðarssonar.** Jón frá Pálmholti les.
15.30 **Kvennalistinn.** Þingflokkur Kvennalistans. E.
16.00 **Samband sérskóla.** E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Laust.**
18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
19.00 **Opið.**
19.30 **Heima og heiman.** Alþjóðleg ungmennaskipti.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Umsjón: Nonni og Þorri.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Úr Dauðahafshandritunum.** Haraldur Jóhannsson les 3. lestur. E.
22.00 **Við og umhverfið.** Þáttur í umsjá dagskrárhóps um umhverfismál á Útvarpi Rót.
22.30 **Alþýðubandalagið.**
23.00 **Laust.**
23.30 **Rótardraugar**
24.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Guðmundar Hannesar Hannessonar. E.
2.00 **Næturvakt** til morguns með Baldri Bragasyni. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.

## ÚTRÁS
FM 104,8

16.00 **Dagana** 30. jan.–3. febr. verður á Útrás sk. lukkuvika og fyrirkomulagið með öðru sniði en venjulega.
1.00 **Dagskrárlok.**

## Ólund
Akureyri
FM 100,4

19.00 **Raflost.** Jón Heiðar, Siggi og Guðni þungarokka af þekkingu.
20.00 **Skólaþáttur.** Umsjón hafa nemendur í Menntaskólanum á Akureyri.
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Opin umræða ásamt blaðalestri.
21.30 **Bókmenntaþáttur.** Straumar og stefnur í bókmenntum.
22.00 **Það er nú það.** Valur Sæmundsson spjallar við hlustendur og spilar meira og minna.
23.00 **Leikið af fingrum.** Steindór Gunnlaugsson og Ármann Gylfason leika vandaða blöndu.
24.00 **Dagskrárlok.**



**Diane á í baráttu við sjálfa sig og tilfinningar sínar en fjölskyldan gengur fyrir öllu.**

### Stöð 2 kl. 22.00:

# Dagdraumar

Í kvöld sýnir Stöð 2 þriðja þátt framhaldsmyndarinnar Dagdraumar. Diane og Martin eru skilin eftir margra ára hjónaband. Þegar Diane hefur vinnu á nýjum vinnustað hittir hún fyrrverandi eiginmann sinn sem vinnur hjá sama fyrirtæki. Þau komast að því að ástin, sem eitt sinn var svo heit, er ekki enn kulnuð á milli þeirra.

Í þættinum í kvöld segir frá því að Diane fer á æskuslóðirnar til að hitta veika móður sína. Martin ákveður að fara með henni þrátt fyrir aðrar skyldur. Í bænum býr faðir hans einnig og fréttin um samdrátt þeirra fer eins og eldur í sinu. En faðir hans aðvarar hann og segir að nóg sé komið af vandræðum milli vina og fjölskyldna. -JJ



**Á góðri stundu í frumskógum Afríku.**

### Sjónvarp kl. 22.10:

# Svíða sætar ástir

## - rómantísk kvikmynd

Í kvöld sýnir Sjónvarpið kvikmynd frá árinu 1953. Þetta er rómantísk ævintýramynd, sem gerist í frumskógum Afríku, um hinn sígilda ástarþríhyrning. Í þessu tilfelli stendur baráttan milli tveggja kvenna um einn mann sem Clark Gable leikur. Hlutverk kvennanna eru í höndum Grace Kelly og Övu Gardner.

Vic Marswell (Clark Gable) er sérfræðingur í villtum dýrum og vinnur sem leiðsögumaður. Í þessum leiðangri eru tvær konur sem heilla kvennamanninn Vic. Önnur er Eloise Kelly (Ava Gardner), fyrrum dansari og skemmtikraftur, sem notar sviðsnafnið Honey Bear. Hin er eiginkona fornleifafræðingsins sem stýrir leiðangrinum en hana leikur Grace Kelly.

Saman lenda ferðalangarnir í mörgum hættum og ævintýrum í frumskógum Afríku. Eins og oft vill verða kemst eiginmaðurinn síðast að ástarævintýri eiginkonunnar og leiðsögumannsins. Þegar til kemur er það Honey Bear sem hylmir yfir með skötuhjúunum og allt fellur í ljúfa löð. Hjónin fara heim aftur í sátt og samlyndi en Honey Bear og Vic rugla saman reytunum í frumskóginum. -JJ

### Rás 1 kl. 21.00:

# Sauraundrin

Steingrímur St. Th. Sigurðsson, listmálari og rithöfundur, hefur tekið saman frumsaminn söguþátt um atburðina á Saurum og verður hann fluttur í útvarpi í kvöld. Á einmánuði 1964 gerðust dularfullir atburðir við bæinn Saura á Skaga í Vestur-Húnavatnssýslu. Á þeim tíma var fátt um annað talað og eru atburðirnir mörgum enn í fersku minni, 25 árum síðar.

Voru Sauraundrin yfirskilvitleg eða voru þau af manna völdum? Við sögu kom heimilisfólkið á bænum, fulltrúar frá Sálarrannsóknafélaginu, miðlar, fréttafólk og ýmiss konar aðkomufólk. -JJ